



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Matvælaráðuneytið
b.t. Jóns Þrándar Stefánssonar
Borgartún 26
105 Reykjavík.

Grenivík, 12. desember 2023.

Tilv.: MAR23110198

Varðar byggðakvóta til Grenivíkur.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlið nr. 9:

„9. Frá matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2023/2024, dags. 1. des. 2023.

Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 1. des. 2023, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2023/2024 og koma 122 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;

Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:

1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.

2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2023/2024

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 851/2023 og lögum um stjórn fiskveiða.“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Meðf. er einnig útfyllt eyðublað það er ráðuneytið sendi með.

Með bestu kveðjum,


Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri